

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 — 1963

18. janúar.

1

Nr. 1.

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 83. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfundar þriðjudaginn 29. janúar 1963, kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 18. janúar 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

13. febrúar.

Nr. 2.

LÖG

um samkomudag reglulegs Alþingis 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1963 skal koma saman fimmtudaginn 10. október 1963, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 13. febrúar 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

A 1